

66
7. maí

L Ö G

um

smíði og rekstur strandferðaskips.

Vjer **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta smíða gufuskip til strandferða, af svipaðri stærð og Esja. Kostnaður við kaup og rekstur skipins greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Skipið skal útbúið 70—80 ten. metra kælirúmi og hafa að minsta kosti 40 sjómílna vökuhraða. Farþegarúm skal vera 1. og 2. farrými.

3. gr.

Heimilt er stjórninni að taka lán til skipakaupanna, eftir því sem þörf kann að verða á.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.